

Fundargerð 7. stjórnarfundar starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 16. september í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson og Jónas Egilsson. Sigurður Ingvarsson tilkynnti forföll.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 6. fundar lögð fram og samþykkt.
2. Fjárhagsmál.
 - 2.1. Hannes gerði grein fyrir rekstraruppgjöri fyrstu átta mánuði ársins. Skv. bráðabirgðaniðurstöðum er vöntum upp á 2,4-2,8 m.kr. vegna ársins 2010, sem er aðallega er tilkomin vegna útgjalda frá fyrra ári og greidd hafa verið á þessu ári.
 - 2.2. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur í kostnaði vegna alþjóðlegra móta á árinu.
 - 2.3. Fjáröflun – næstu skref. Rætt um aðgerðir. Formaður upplýsti að stefnt væri að öðrum fundi stjórnar fljótlega til þess m.a. að ræða aðgerðir í öflun fjár. Frestað til næsta fundar.
 - 2.4. Rekstur skrifstofu. Hannes og Jónas röktu hugmyndir um að að samræma ýmis verkefni með öðrum skrifstofum í Íþróttamiðstöðinni. Formanni falið að taka þetta mál til skoðunar.
 - 2.5. Skipulagningu á styrkjamálum, skipt á milli hópa. Unnur ræddi þörf á að skipta upp íþróttahópum og tekjuöflun. Frestað til næsta fundar.
 - 2.6. „PR“ maður fyrir sambandið. Unnur ræddi um þörf á aukinni umfjöllun í fjölmiðlun. Frestað til næsta fundar.
3. Íþróttta- og mótamál.
 - 3.1. Mí 2010 í 5 km og 10 km hlaupum. FH hefur lýst yfir áhuga á að framkvæma hlaupið í næstu viku. Samþykkt að hafa hlaupið opið fyrir þátttöku hlaupara utan íþróttahreyfingarinnar.
 - 3.2. Evrópubíkarkeppni 3. deild 2011. EAA hefur samþykkt að keppnin verði haldin í Reykjavík á næsta ári, en eftir er að ganga frá samningi milli FRÍ og EAA um mótið. Ákveðið að efna til fundar með helstu hagsmunaaðilum sem fyrst, félögum í Reykjavík og fulltrúum borgarinnar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa málið fyrir næsta fund stjórnar.
 - 3.3. RIG 2011. Mótið verður haldin 15. janúar nk. Formaður undirbúningsnefndar að þessu sinni er Gunnlaugur Júlíusson og mótsstjóri Katrín Sveinsdóttir, en mótið er að þessu sinni í umsjón Ármanns. Keppnisgreinar hafa verið ákveðnar og hafa verið kynntar á heimasíðu leikanna. Sótt hefur verið um „EAA Permit“ viðurkenningu fyrir mótið. Stefnt er að sjónvarpsútsendingum frá mótinu.
 - 3.4. Undirbúningur fyrir þátttöku á alþjóðlegum mótum. Hannes ræddi nauðsyn þess að undirbúa vel þátttöku á mótum vegna skipulagningu, kostnaðar o.fl. Frestað til næsta fundar.
 - 3.5. Alþjóðlegir viðburðir í framtíðinni. EAA hefur sent aðildarsamböndum sínum erindi þar sem óskað er eftir bæði bindandi og óbundnum umsóknum um mót á þess vegum í framtíðinni. Formaður lagði áherslu á að FRÍ væri virkur aðili í framkvæmd alþjóðlegra móta. Frestað til næsta fundar.
 - 3.6. Mótaskrá. Samþykkt að óska eftir tillögum um tímasetningar á helstu mótum árið 2011 frá Mótanefnd, en hún kemur saman sunnudaginn 26. sept. nk.
 - 3.7. Áætlun fyrir Ólympíuhóp FRÍ 2012. Unnur gerði grein fyrir tillögum Íþróttta- og afreksnefndar um Ólympíuhópa A og B fyrir næstu Ólympíuleika, en ÍSÍ hefur óskað eftir tillögum þar að lútandi.



4. Mótapiing 2010.
 - 4.1. Stefnt að fundinum 21. nóv. nk. Endanlega ákveðið á næsta fundi.
 - 4.2. Til umræðu verða m.a. eftirtalin mál: Endurskoðun á reglum um aldursflokkskiptingu, nýtt dómarafræðslukerfi, fjölmiðlatengsl, möguleg mótaröð, tengsl við fjölmiðla, undirbúningur móta o.fl.
5. Ýmis mál.
 - 5.1. Möguleg heimsókn framkvæmdastjóra þróunarsviðs EAA til Íslands. Málið er til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórn sambandsins.
 - 5.2. Endurmenntun dómara. Tillögur starfsnefndar liggja fyrir. Frestað til næsta fundar.
 - 5.3. Endurskoðun mótaforrits. Formaður gerði grein fyrir fundi nokkurra aðila um þessi mál í síðstu viku. Tveir möguleikar eru aðallega til skoðunar. Annars vegar að laga svissnessk forrit að íslenskum aðstæðum, eða hins vegar endurbætur á núverandi Mótaforriti sambandsins.
 - 5.4. Fræðslu- og útbreiðslumál. Framkvæmdastjóri sagði að auglýst hefði verið þjálfaranámskeið á 1. stigi í haust. Ennfremur ræddi hann mögulega kynningarferð í skólum og meðal sambandsaðila.
 - 5.5. Fundur framkvæmdastjóra frjálsíþróttasambands Norðurlandanna 1. október nk. Framkvæmdastjóri greindi frá fundinum, sem haldinn verður í Reykjavík.
 - 5.6. Mál Alberto Borges og sonar hans. Formaður fór yfir málið og helstu úrræðum sambandsins. Honum falið að koma með hugmyndir um viðbrögð.
 - 5.7. Fundur með Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra. Formaður greindi frá væntanlegum fundi sínum með ráðherra.
 - 5.8. Tvö námskeið á vegum EAA. Formaður sækir fund sem féll niður sl. vor fyrir leiðtoga í frjálsíþróttahreyfingunni. Sá fundur er í boði EAA. Samþykkt að auglýsa eftir einstaklingi með áhuga á fjölmiðlun og kynningarmál á mótum til að gefa kost á að sækja fund í haust á vegum EAA sem býður styrk til þátttöku. Rætt um að sá sem myndi sækja þetta námskeið myndi sjá um kynningar- og upplýsingamál á bæði RIG og Evrópubikarnum á næsta ári.
 - 5.9. Styrkir frá Ólympíusamhjálpinni. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður Ólympíusamhjalparinnar um styrki til íslenskra frjálsíþróttamanna fram að Ólympíuleikum árið 2012. Niðurstöðurnar verða tilkynntar opinberlega síðar í mánuðinum.
 - 5.10. Bókaútgáfa. Unnur kynnti bók um Gert Kanter sem gefin hefur verið út í Eistlandi og víðar. Texti bókarinnar hefur verið þýddur á íslensku.
6. Næsti fundur ákveðinn í þar næstu viku, skv. nánara samráði stjórnarmanna.
7. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Jónas Egilsson.